

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

22. FUNDUR – 25. apríl 2012

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 22. fundar miðvikudaginn 25. apríl 2012 kl. 18:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. Framkvæmdaleyfi vegna hitaveitulagnar

Afgreiðslur:

1. Framkvæmdaleyfi vegna hitaveitulagnar:

Tillaga um afgreiðslu framkvæmdaleyfis

Skipulags- byggingar- og veitunefnd Blönduóssbæjar tók fyrir á fundi þann 23. apríl 2012 samkvæmt 3. dagskrárlið beiðni Rarik ohf. i dags. 13. apríl 2012 um framkvæmdaleyfi fyrir byggingu á hitaveitulögn sem liggur frá Reykjum í Húnavatnshreppi til Skagastrandar. Afgreiðslan var svohljóðandi: “*Nefndin samþykkir að beina því til bæjarstjórnar að samþykkja framkvæmdaleyfið. Nefndin sér að svo komnu máli ekki þörf á grenndarkynningu.*”

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar staðfestir afgreiðslu skipulags-, byggingar- og veitunefndar á 3. dagskrárlið frá 23. apríl 2012 og samþykkir að veita Rarik ohf. framkvæmdaleyfi fyrir endurnýjun á eldri lögn hitaveitunnar í landi Blönduós og jafnframt framkvæmdaleyfi fyrir nýrri lögn frá Blönduósi að Laxá í Refasveit að því leyti sem lögnin liggur um sveitarfélagið.

Bæjarstjórn óskar eftir meðmælum Skipulagsstofnunar um framkvæmdaleyfi í samræmi 1. tl. ákvæði til bráðabirgða í skipulagslögum nr. 123/2010.

Rökstuðningur:

Um er að ræða annars vegar endurnýjun á núverandi stofnlögn frá Húnavöllum að Blönduósi og hins vegar nýja lögn frá Blönduósi til Skagastrandar.

Hitaveitulögnin er ekki sýnd á aðalskipulagsuppdrætti fyrir sveitarfélagið Blönduós 2010-2030 sem liggur hjá umhverfissráðherra til staðfestingar en kveðið er á um lögnina í greinargerð með aðalskipulaginu. Núverandi hitaveitulögn var hins vegar inn á öllum uppdráttum fram að auglýsingu eins og hún var áður sýnd í þágildandi svæðisskipulagi A-Húnavatnssýslu.

Í greinargerð með aðalskipulaginu segir í kafla 3.4.5 um Hitaveitu á bls. 42: „Sýnd er stofnlögn fyrir heitt vatn frá Reykjum á Reykjabraut til Blönduóss. Stofnlagnir fyrir heitt vatn eru sýndar á uppdrætti.“

Í greinargerð aðalskipulagsins segir í kafla 3.4.5 Hitaveita; *“Markmið. Stefnt er að því að notkun hitaveitu aukist.”* og á bls. 42 „Sýnd er stofnlögn fyrir heitt vatn frá Reykjum á Reykjabraut til Blönduóss. Stofnlagnir fyrir heitt vatn eru sýndar á uppdrætti“.

Nokkrar umræður urðu um tillögunar. Að því loknu var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:18

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Zophonías Ari Lárusson, (sign.)

Ingunn Ásgeirsdóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)